

Nd. 944. Breytingartillögur [442. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, sbr. l. nr. 77/1985.

Frá Kristófer Má Kristinssyni.

Við 4. gr.

a. 2. mgr. nýrrar 14. gr. laganna orðist svo:

Lánsfjárhæðir miðast við lánsrétt umsækjanda skv. 12. gr., svo og því hvort umsækjandi er að kaupa íbúð í fyrsta sinn eða á íbúð fyrir. Umsækjandi, sem er að kaupa íbúð í fyrsta sinn, á rétt á láni skv. a-lið 1. mgr. 13. gr.

b. 4. mgr. orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. má lán, sem veitt er skv. þessari grein að viðbættum áhvílandi lánum, uppfærðum úr Byggingarsjóði ríkisins, aldrei nema hærri fjárhæð en lánsréttur umsækjanda skv. a-lið 1. mgr. 13. gr. ákveður. Enn fremur má lánið aldrei nema hærri fjárhæð en raunverulegu kaupverði íbúðar.